

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð, frá Grashóli til Raufarhafnar í Norðurþingi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2021/3

Forsíðumynd: Grashóll endastöð rafmagnsstrengs, mynd tekinn í norð-austur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/3

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	4
HEIMILDASKRÁ.....	5

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið nær frá Grashóli til Raufarhafnar í Norðurþingi en áform eru uppi um að leggja strenginn sumarið 2021.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Vettvangsskráningin fór fram í seinni hluta í maí 2021.

Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmanni fyrir góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2680.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 2000 til 2020 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurlöng gögn frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimafólki. Árið 2016 fór fram fornleifaskráning í gamla Raufarhafnarhreppi og voru gögn úr henni notuð við skipulagningu framkvæmdanna.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem gengið var eftir fyrirhugðu framkvæmdasvæði. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2007/2013 og 2020.

Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Fornleifaskráning

Rafmagnsstrengurinn sem Rarik áformar að leggja í sumar er um 9,7 km. Þrátt fyrir að leiðin sé nokkuð löng þá náði hún aðeins yfir tvær jarðir. Grashól og Raufarhöfn.

Samkvæmt heimildum þá er Grashóll byggður úr Raufarhafnarlandi 1846⁸ og síðasti ábúandinn flutti þaðan 1942.⁹ Búsetusaga jarðarinnar er því ekki löng miðað við margar aðrar jarðir á Íslandi. Raufarhöfn hefur hins vegar lengri sögu en var talinn meðal lökustu bújörðum á Melrakkaslétu á liðnum öldum, nánast kot. Fámenn hafi verið á staðnum og tíð ábúandaskipti og staðurinn stundum lagst í eyði. Þrátt fyrir að býlið hafi verið landstórt til heiðarinnar og vel gróið, þá hafi verið erfitt að flytja heyið um langan og erfiðan veg.¹⁰ Staðurinn er mun þekktari fyrir verslun og útgerð og fylgdi því oft mikil umsvif óháð bújörðinni.¹¹

Þegar skoðað var framkvæmdasvæði Rariks gagnvart þeim menningarminjum sem voru skráðar í skýrslunni frá 2016 þá var nokkuð ljóst að engar skráðar minjar væru nærri svæðinu. Samkvæmt túnakortunum frá 1920 er bæjarstæði Raufarhafnar um 1,3 km frá rafmagnsstrengnum og bæjarstæði Grashóls um 1,7 km frá honum. Aðrar menningarminjar og heimildir um þær voru einnig víðs fjarri strengnum þegar miðað er við að fornleifar hafi 15 m friðhelgunarsvæði. Megnið af minjum Raufarhafnar eru nærri ströndinni og minjum Grashóls á og í grennd við bæjarhólinn.

Ekki fundust neinar aðrar heimildir sem bentu til mannvistarleifa nærri framkvæmdasvæðinu.

⁷ Heimasíða Minjastofnunar.

⁸ Niels Árni Lund, Sléttunga II, bls. 285.

⁹ Niels Árni Lund, Sléttunga II, bls. 290.

¹⁰ Niels Árni Lund, Sléttunga III, bls. 16.

¹¹ Niels Árni Lund, Sléttunga III, bls. 9.

Það sást heldur ekki neitt á loftmyndum og kom það í ljós að þegar gengið var um svæðið að það var ýmist þýft mólendi eða mýri og því ekki auðvelt að finna tóftir eða aðrar fornleifar á slíku svæði.

Í vettvangsskráningunni var gengið eftir öllu framkvæmdasvæðinu og til baka eftir núverandi rafmagnslínunum. Haft var samband við heimamann sem var mikill göngumaður og hafði gengið um svæðið í mörg ár og mundi hann ekki eftir að hafa rekist á mannvirki á þessari leið.¹²



Mynd 1. Melrakkaslétta lagnaleiðin mynd tekinn í vestur.

5. Samantekt

Grashóll á sér tiltölulega stutta búsetusögu og Raufarhöfn var aldrei stórbýli heldur þekktari fyrir verslun og útgerð og byggðin mest við ströndina. Allar heimildir um minjar og þekktar minjar innan jarðanna eru víðs fjarri framkvæmdasvæðinu.

Ekkert sást við vettvangsskönnun né á loftmyndum né komu fram upplýsingar um óþekktar minjar í samtali við heimamenn.

Samkvæmt þessum upplýsingum þá virðist ekkert vera því til fyrirstöðu um að leggja rafmangsstrenginn eftir þeirri leið sem þegar hefur verið lögð fram.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 9. júní 2021

Hákon Jensson

¹² Steingrímur Þorsteinsson, Munnleg heimild.

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2016). Aðalskráningskráning fornleifa í Raufarhafnarhreppi og skráning fornleifa á deiliskipulagsreit við Heimskautsgerði. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Niels Árni Lund. (2016). Sléttunga II. Safn til Sögu Melrakkaslétu. Fólk og býli. Skrudda ehf.

Niels Árni Lund. (2016). Sléttunga III. Safn til Sögu Melrakkaslétu. Fólk og býli. Skrudda ehf.

Heimildarmenn:

Steingrímur Þorsteinsson, 1946, Hóll, Norðurþing.



Nafn GRASHÓLL - RAUFARHÖFN		Dags. 02.06.2021 hj	Skýringar: Áætluð leið rafmagnsstrengs Rariks á jörðunum Grashóls og Raufarhafnar í Norðurþingi.
NORÐURÞING		Mælikv. 1:28000 í A3	
Unnið eftir mynd nr. f626/636 frá			 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Loftmyndir ehf. 2007/2013/2020